



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd mánudaginn 22. nóvember 2021 kl. 12:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Adolf H. Berndsen, Péturína L. Jakobsdóttir, Guðmundur E. Erlendsson, Hallbjörn Björnsson, Jóhann Sigurjónsson, Bragi Þór Haraldsson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen formaður setti fundinn og stjórnaði honum, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál

a. Afgreiðslur byggingafulltrúa

Bragi Þór greindi frá þeim verkefnum sem byggingafulltrúi hefur tekið til umfjöllunar og afgreiðslu frá síðasta fundi.

- i. Þann 15. júní sl. var gerð öryggisúttekt á Hafnarlóð 7 vegna reksturs veitingahúss í flokki II. Áður hafði verið gefin jákvæð umsögn um húsnæðið til sýslumannsins á Norðurlandi vestra.
- ii. Þann 12. júlí sl. var veitt jákvæð umsögn vegna Hólanesvegar 11, vegna umsóknar um rekstur veitingahúss í flokki II.
- iii. Þann 12. júlí sl. voru samþykkt byggingaráform fyrir iðnaðarhús að Fjörubraut 5.
- iv. Þann 27. ágúst sl. var gefið leyfi til breytinga á bíslagi við Suðurveg 14 skv. lýsingu í umsókn Elínar Óskar Ómarsdóttur, eiganda fasteignar.



b. Breyting á deiliskipulagi við Hólanes

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi Hólanessvæðis, dagsett 25. ágúst 2021. Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi vegna áforma um uppbyggingu sjóbaða á svæðinu.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. sömu laga.

c. Umsókn um byggingaleyfi

i. Aðveitustöð að Fellsmelum

Fyrir fundinum lá erindi Helga Hafliðasonar arkitekts f.h. Rarik ofh. dags. 1. nóvember 2021 þar sem óskað er eftir leyfi fyrir byggingu spennahúss sem viðbyggingu við núverandi stöð á Fellsmelum á Skagaströnd. Hafnar- og skipulagsnefnd fór yfir framlögð gögn en um er að ræða breytingu á byggingarmagni á lóð. Byggingarfulltrúi fór yfir framlögð gögn og samþykkir byggingaráform. Áður en byggingaleyfi verður gefið út þarf Rarik að skila inn vinnuteikningum og eyðublaði fyrir meistaraábyrgðir. Hafnar- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að byggingaleyfi verði gefið út og er samþykkt því að breytingar verði gerðar á byggingarmagni á lóð.

d. Umsóknir um lóðir

i. Hólanesvegur 6

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir um úthlutun lóðar að Hólanesvegi 6.

Stefán Velemir - umsókn dags. 1. júlí 2021:

Fyrirhuguð húsbygging er einingahús. Ekki liggja fyrir teikningar af húsinu en sveitarstjóri sýndi nefndinni mynd af sambærilegu húsi. Líklegur byrjunartími á framkvæmdum er ekki tilgreindur þar sem hann fer eftir úthlutunartíma lóðar en áætlaður byggingartími er 6-8 mánuðir.

Guðjón Bjarnason – umsókn dags. 19. október 2021:

Umsókn um endurúthlutun lóðar. Lóðinni var fyrst úthlutað til Guðjóns á fundi hafnar- og skipulagsnefndar þann 28. október 2019 og endurúthlutað á fundi nefndarinnar þann 6. október 2020 þar sem framkvæmdir höfðu ekki hafist innan árs frá úthlutun eins og gert var ráð fyrir. Fyrir fundinum lágu teikningar ásamt greinargerð um uppbyggingu svokallaðs hágámahúss á lóðinni. Í greinargerð með beiðni um endurúthlutun kemur fram að um samstarfs-,



þróunar- og rannsóknarverkefni sé að ræða. Þá lágu fyrir fundinum samstarfsyfirlýsingar frá Stólpa Gámum og Emil Þór Guðmundssyni byggingatæknifræðingi. Skv. umsókn er áætlað að framkvæmdir hefjist fyrir árslok 2021 og áætlaður byggingartími 2 ár með fullkláraðri lóð.

Nefndin fór yfir framlög gögn og umsóknir aðila. Nefndin samþykkti að endurúthluta lóðinni til Guðjóns Bjarnasonar háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að framkvæmdir verði hafnar innan 6 mánaða og að húsið hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun lóðar.
2. Að þar sem að verið sé að byggja í gömlu hverfi þá verði að fara fram grenndarkynning á aðaluppdráttum hússins áður en byggingaráform verða samþykkt. Umræðar komu fram um efasemdir hjá nefndarmönnum um að útlit og húsgerð falli ekki að núverandi umhverfi.

ii. Oddagata 2

Guðjón Bjarnason – greinargerð dags. 19. október 2021:

Í greinargerð er fjallað um fyrirhugaða byggingu á húsi við Oddagötu 2 til þess að byggja „minna systurhúss“ fyrirhugaðs hágámahúss að Hólanesvegi 6. Þakhalli húss yrði lægri og hliðar hússins hvítklæddar til samræmis við umhverfi. Áætlað að framkvæmdir geti hafist um mitt ár 2022. Nefndin telur ekki forsendur til þess að taka afstöðu til úthlutunar lóðar miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þar sem ekki liggur fyrir formleg umsókn. Afgreiðslu erindist frestað.

iii. Ránarbraut 2-8

Guðjón Bjarnason – greinargerð dags. 19. október 2021:

Í greinargerð er fjallað um uppbyggingu par- eða einbýlishúsa að Ránarbraut 2-8. Skv. greinargerð er gert ráð fyrir að nýta hlutdeildarlán og mögulega stofnframlög HMS til byggingar á einu húsi. Húsin eru einingarhús framleidd í Litháen. Ekki kemur fram í greinargerð hvenær áætlað er að framkvæmdir hefjist eða fyrirhugaður byggingartími. Nefndin telur ekki forsendur til þess að taka afstöðu til úthlutunar lóða miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þar sem ekki liggur fyrir formleg umsókn. Afgreiðslu erindis frestað.



2. Skagastrandarhöfn

a. Smábátahöfn

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á framkvæmdum á smábátahöfn, en fyrirhugað var að malbika bílplan á árinu. Vegna óviðráðanlegra ástæðna mun malbikun að öllum líkindum tefjast fram á næsta vor nema tíðarfar verði óvenju gott, en nauðsynlegt er að það sé frostlaust til þess að hægt sé að leggja malbik. Byrjað er að skipta undirlagi á svæðinu og mun það klárast í vikunni. Svæðið verður því tilbúið til yfirlagningar þegar ytri skilyrði skapast fyrir malbikun.

b. Endurbygging Ásgarðs

Fyrir fundinum lá minnisblað dags. 30. mars 2016 ritað af Vegagerðinni er varðar endurbyggingu Ásgarðs á Skagaströnd. Skv. minnisblaði er það mat Hafnar sviðs Vegagerðarinnar að endurbyggingu Ásgarðs verði best borgið með því að setja stálpil utan um núverandi bryggju og að Miðgarði, þó að fleiri útfærslur hafi verið teknar til athugunar. Þrátt fyrir langan aðdraganda hefur verkefnið loksins verið sett á fimm ára aðgerðaráætlun samgönguáætlunar 2020-2024. Heildarkostnaður vegna framkvæmda er áætlaður 245 milljónir og er kostnaðarskipting þannig að Hafnarbótasjóður ber 75% af kostnaði en sveitarfélagið 25%. Stefnt er að því að frumhönnun og efniskaupum verði lokið 2021, framkvæmdir hefjist svo 2022 og ljúki 2023. Málið var til kynningar.

c. Viðhaldsdýpkun

Sveitarstjóri upplýsti um að nauðsyn sé á að fara í viðhaldsdýpkun á Skagastrandarhöfn og að mælingarskip hafi verið hér í liðinni viku. Áætlað er að dýpkun fari fram á fyrri hluta næsta árs.

3. Önnur mál.

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:50



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

Hafnar og skipulagsnefnd:

Adolf H. Berndsen
Adolf H. Berndsen, form.

Jóhann Sigurjónsson
Jóhann Sigurjónsson

Hallbjörn Björnsson
Hallbjörn Björnsson

Guðmundur E. Erlendsson
Péturína L. Jakobsdóttir
Guðmundur E. Erlendsson
Péturína L. Jakobsdóttir

Starfsmenn:

Bragi Þór Haraldsson
Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi

ALEXANDRA JOHANNESDÓTTIR
Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri

153
154

155
156
157

158
159
160

161
162